

Reglur um styrkveitingu menntaráðs til þróunarverkefna í grunn- og tónlistarskólum Reykjavíkur

1. Tilgangur styrkveitingarinnar er að stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi í grunn- og tónlistarskólum Reykjavíkur. Með þróunarverkefnum er átt við verkefni sem stuðla að framförum í uppeldi, kennslu og öðrum þáttum skólastarfsins.
2. Menntaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær til styrkveitinga. Í henni eiga sæti fulltrúar frá grunnskólaskrifstofu Menntasviðs, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur, fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur og fulltrúi frá kennaramenntunarsstofnun. Nefndin gerir tillögur til menntaráðs um hvaða verkefni fá styrk og styrkupp hæð.
3. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Menntasviðs Reykjavíkur.
4. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem settar eru í starfsáætlun fræðslumála ár hvert. Styrkir eru ekki veittir til verkefna sem teljast til verkefna ríkissjóðs, s.s. til námsefnisgerðar í grunnskólum né til verkefna sem ætla má að rúmist innan ramma hefðbundins skólastarfs.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 15. janúar fyrir grunnskóla og 15. febrúar fyrir tónlistarskóla ár hvert og skal umsóknum skilað til aðalskrifstofu Menntasviðs (ritara úthlutunarnefndar) á sérstöku eyðublaði með þeim fylgiskjöllum sem tilgreind eru á eyðublaðinu. Eyðublaðið er að finna á heimasíðu Menntasviðs.
6. Um styrk geta sótt einstaka grunn- og tónlistarskólar, starfsmannahópar, grunn-, og tónlistarskólakennarar og aðrir fagmenn á sviði skólamála enda nýtist verkefnið grunn- og tónlistarskólum í Reykjavík. Sækja má um styrk til nýrra verkefna og verkefna sem þegar eru hafin.
7. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og e) eftir væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skólastarf. Nefndin leitar umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á hverju sinni.
8. Menntaráð fjallar um tillögur úthlutunarnefndar og úthlutar styrkjum.
9. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði miðast við skólaárið og vera þannig að 60% af styrkupp hæð greiðist 1. október og 40% greiðast hálfu ári síðar enda hafi þá verið skilað skýrslu um framvindu verkefnisins. Óski styrkþegi þess geta greiðslur miðast við almanaksárið og fylgja þá sömu dagsetningum og almennir styrkir.
10. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir menntaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár.
11. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu til ritara úthlutunarnefndar á aðalskrifstofu Menntasviðs Reykjavíkurborgar áður en síðari greiðsla fer fram.
12. Menntasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefnið.